

GJALDSKRÁ

vatnsveitu Húnaþings vestra.

1. gr.

Vatnsgjald.

Almennt vatnsgjald skal vera 0,27% af fasteignamati mannvirkja og lóða. Gjald dagar almenns vatnsgjalds eru þeir sömu og sveitarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarfélaginu.

2. gr.

Aukavatnsgjald.

Aukavatnsgjald til stórnotenda er 33 kr./m³.

3. gr.

Heimæðagjald vatnsveitu.

Notendur greiða heimæðagjöld sem miðast við að ídráttarrör fyrir heimæðar hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar að inntaksstað við mannvirkni og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af vatnsveitunni.

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Heimæðagjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm eða minna	132.000 kr.	3.200 kr./m
40 mm	184.000 kr.	4.200 kr./m
50 mm	260.000 kr.	6.300 kr./m
63 mm	525.000 kr.	7.400 kr./m
75 mm	790.000 kr.	8.500 kr./m

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök eru reiknuð sérstaklega hjá tæknideild. Viðbótarkostnaður/yfirlengd reiknast af heimaug sem er lengri en 50 m á lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðagjald skal greitt þegar lokið hefur verið við tengingu vatnsveitunnar við viðkomandi mannvirki. Heimæðagjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. nóvember 2020 og var 148,4 stig.

4. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðagjalds. Vatnsgjald og heimæðagjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er á 385. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra 14. nóvember 2024 er sett með stöð í 10. gr. laga um vatnsveitur, nr. 32/2004, og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga tekur gildi 1. janúar 2025. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu Húnaþings vestra nr. 1324/2023.

Húnaþingi vestra, 3. desember 2024.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri.